



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

## FLÓÐ PRETTÁN VATNSFALLA

Samvinnuverkefni Vegagerðar ríkisins  
og Orkustofnunar

Kristinn Guðmundsson

OS-93044/VOD-03

Ágúst 1993



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 745 920  
[/os/pi/vod.os/vatnamael.votn/flod.t](http://os/pi/vod.os/vatnamael.votn/flod.t)

## **FLÓÐ ÞRETTÁN VATNSFALLA**

**Samvinnuverkefni Vegagerðar ríkisins  
og Orkustofnunar**

Kristinn Guðmundsson

OS-93044/VOD-03

Ágúst 1993

ISBN 9979-827-27-0

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. TÖLFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR	4
3. NIÐURSTÖÐUR	7
4. HEIMILDIR	8
VIÐAUKI A: Niðurstöður tíðnigreininga og flóðaspár	9
VIÐAUKI B: Mælistöðvar Vatnamælinga júlí 1993	37
VIÐAUKI C: Samstarfssamningur	43

## TÖFLUR

Tafla 1. Rennslisraðir notaðar við flóðagreiningu	3
Tafla 2. Samanburður á endurkomutíma (T) fyrir hæstu flóð og flóð yfir lágmarksgildi	4

## MYNDIR

Mynd 1. Normal tíðnidreifing	6
Mynd 2. Log-normal tíðnidreifing	6
Mælistöðvar Vatnamælinga 1. janúar 1993 (Kort í vasa innan á bakkápu)	

## 1. INNGANGUR

Þann 10. nóvember 1992 gerðu Vegagerð ríkisins og Orkustofnun með sér samning um útreikning 2ja, 5, 10, 25, 50, 100 og 200-ára flóða fyrir sem flesta af vatnshæðarmælum Orkustofnunar og gerð skýrslu um niðurstöðurnar í framhaldi af því. Forsaga þessa samnings er sú að árið 1981 kom út greinargerð hjá Orkustofnun um flóð íslenskra vatnsfalla þar sem reiknuð voru 50-ára og 100-ára flóð við 48 vatnshæðarmæla. Greinargerðin var unnin af Sigurjóni Rist (Orkustofnun) og Lofti Þorsteinssyni (Vegagerð ríkisins). Reikningarnir voru síðan endurteknir árlega fram til ársins 1986, en þá voru reiknuð flóð með 50 og 100-ára endurkomutíma við 89 vatnshæðarmæla. Samningurinn kveður á um rennslismælingar við vatnshæðarmæla í flóðum og úrvinnslu úr þeim ásamt öðrum flóðagögnum Orkustofnunar. Afrit af samningnum er að finna í viðauka C. Á þessu fyrsta ári samningsins hefur mestur hluti vinnu farið í þróun aðferða og skoðun rennslislykla og tímaráða. Í skýrslunni er að finna flóðaspá fyrir 13 vatnshæðarmæla ásamt öðrum upplýsingum um viðkomandi mæli og vatnsfall. Rennslisráðir þessara mæla eru allar lengri en 30 ár og vatnasvið þeirra spanna frá 37 km<sup>2</sup> (vhm 027, Skógá) allt upp í 7180 km<sup>2</sup> (vhm 020, Jökulsá á Fjöllum). Rennslisráðirnar eru taldar upp í töflu 1.

Tafla 1. Rennslisráðir notaðar við flóðagreiningu.

Vatnshæðarmælir	Vatnsfall	Tímabil
001	Elliðaár	1927-1984
010	Svartá í Skagafirði	1933-1992
020	Jökulsá á Fjöllum	1940-1992
027	Skógá	1948-1991
043	Brúará	1949-1992
045	Vatnsdalsá	1949-1992
059	Ytri Rangá	1960-1992
064	Ölfusá	1951-1991
066	Hvítá, Borgarfirði	1952-1992
068	Tungufljót	1952-1992
070	Skaftá	1952-1992
083	Fjarðará, Seyðisfirði	1959-1992
087	Hvítá, Árnessýslu	1950-1992

Í viðauka A eru niðurstöður tíðnigreininganna og flóðaspárnar settar fram fyrir hvert vatnsfall fyrir sig. Í viðauka B er aftur á móti að finna skrá yfir mælistöðvar Vatnamælinga Orkustofnunar í júlí 1993, en í vasa innan á bakkápu er Íslandskort sem sýnir mælistöðvarnar 1. janúar 1993.

Í framhaldinu verður mælum, sem flóð verða reiknuð fyrir, fjölgað verulega ásamt því að settar verða fram svæðisbundnar jöfnur til að spá fyrir um flóð af misstórum vatnasviðum.



## 2. TÖLFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR

Tíðnigreining er ein af fáum aðferðum sem notaðar hafa verið við útreikninga á stærðum flóða (eða þurrða) með ákveðinn endurkomutíma. Aðferðin er fjarri því óumdeild en flestir eru þeirrar skoðunar að hún sé sú besta til þess að tengja tiltekin flóð við líkur, en það er í samræmi við aðra þætti verkfræðilegrar hönnunar. Afurð tíðnigreininga á flóðum er samband flóðs og endurkomutíma. Rétt er að skilgreina hugtakið endurkomutími nánar, þar sem það er þungamiðjan í þessum útreikningum. Endurkomutíma má skilgreina sem meðaltal þess tíma sem líður milli atburða af ákveðinni stærð eða stærri. Þannig er 25-ára flóð það flóð, eða stærra, sem vænta má að meðaltali á 25-ára fresti. Endurkomutími og líkur atburða tengjast með fallinu  $T = 1/p$ , og eru því líkurnar á því að ofangreint 25-ára flóð eigi sér stað á einhverju tilteknu ári  $1/25 = 4\%$ .

En áður en kemur að tíðnigreiningunni sjálfri þarf að huga að gögnunum sem nota skal. Tvenns konar aðferðir hafa tíðkast við val á flóðum til tíðnigreininga; annars vegar að velja mesta flóð hvers árs (og þá oftast augnabliksrennsli) og hins vegar að nota öll flóð sem eru stærri en ákveðið lágmarksgildi. Fyrri aðferðin hefur þann kost að næstum öruggt er að atburðirnir séu óháðir en á móti kemur að tiltekinn atburður einhvers árs getur verið minni en sá annar stærsti á öðru ári. Sýnt hefur verið fram á að á reiknuðum endurkomutíma er hverfandi lítil munur þegar komið er í 10 ár eða meira, sama hvorri aðferðinni er beitt. Í töflu 2 er sýndur munur á reiknuðum endurkomutíma fyrir þessar tvær aðferðir (Kite 1988).

Tafla 2. Samanburður á endurkomutíma (T) fyrir hæstu árleg flóð og flóð yfir lágmarksgildi.

Flóð yfir lágmarksgildi	Hæstu flóð
0.5	1.16
1	1.58
1.44	2
2	2.54
5	5.52
10	10.5
20	20.5
50	50.5
100	100.5

Hér voru notuð hæstu augnabliksgildi hvers árs. Til gagnanna er einnig gerð sú krafa að tímaráðirnar séu stöðugar og einsleitar. Það sem hér er átt við er að ekki er hægt að greina breytingu á rennsli sem rekja má til breyttra náttúrulegra aðstæðna eða eru af mannavöldum. Hægt er að nema slíkar breytingar með samanburði á meðaltölum og staðalfrávikum sem fengin eru frá undirsöfnum innan raðarinnar. Sé þessum skilyrðum fullnægt er hægt að nota tölfræðilegar breytur raðarinnar til þess að reikna flóðastærðir með ákveðinn endurkomutíma.

Val á tíðnidreifingum til að nota við flóðaspár er þeim annmörkum háð að sjaldnast er hægt að færa efnisleg eða stærðfræðileg rök fyrir notkun á einni dreifingu umfram aðra. Oft er því um huglægt mat að ræða með það að markmiði að samræma aðferðir á ákveðnu svæði eða fyrir ákveðnar stofnanir. Mismunandi dreifingar geta gefið mismunandi niðurstöður, á sama hátt og ef tuttugu vatnafræðingar drægju línu gegnum safn punkta þá eru miklar líkur á að útkoman yrði tuttugu mismunandi línur. Forsendur hinna ýmsu tíðnidreifinga eru eins mismunandi og

þær eru margar. Í sumum tilfellum hafa þær verið leiddar út vegna þess hve vel þær líkja eftir mismunandi lögun tðni-stöplarita (histogram) en stundum liggja að baki rök sem vísa til raunverulegrar dreifingar á óháðum hámarksatburðum. Rökin fyrir notkun á Extreme Value dreifingunni, sem oft er kennd við Gumbel, eru þau að vegna þess að hæsta flóð ársins er einnig hæsta daglegt gildi þá ættu þau að dreifast eins og útgildi. Þessi röksemdafærsla hefur verið gagnrýnd (Cunnane, C. 1989: WMO, Operational Hydrology Report No. 33) á þeim forsendum að hæstu dagleg flóð séu ekki jafn dreifð og óháð innan 365 daga hvers árs, og ef hæstu árleg flóð dreifast raunverulega eins og útgildi (extreme value variate) þá sé það af einhverjum öðrum ástæðum en áður var getið. Log-normal dreifingin hafði verið í notkun í 40 ár áður en Chow setti fram þá kenningu að ef hæstu árleg flóð væru tilkomin vegna margra samverkandi tilviljunarkenndra þátta (random effects) þá ættu þau að fylgja log-normal dreifingu, vegna þess að líta megi á logaritmann af gildinu sem summu margra tilviljunarkenndra þátta og gildin hefðu því normal dreifingu samkvæmt "central limit theorem". Til þess að þessi kenning standist þarf þó að vera hægt að auðkenna þessa tilviljunarkenndu þætti sem saman orsaka hæstu flóð (WMO, Operational Hydrology Report No. 33). Í skýrslu Alþjóða Veðurfræðistofnunarinnar (WMO) kemur í ljós að af þeim liðlega nfu mismunandi dreifingum sem eru best kunnar þá eru eftirfarandi þrjár mest notaðar (um 54% af heildinni): EV1 (Extreme Value 1), Log-normal, og Log-Pearson III.

Hér var lagt upp með 5 mismunandi dreifingar sem allar voru prófaðar á tímaröðunum 13. Þær voru: Log-normal með tveimur breytum (sjá myndir 1 og 2), log-normal með þremur breytum, EV1, Pearson III, og log-Pearson III. Niðurstöður gátu verið mjög mismunandi en að jafnaði virtust log-normal og log-Pearson III tíðnidreifingar gefa besta aðlögun að mælingunum samkvæmt sjónrænu mati. Samanburður á Chi-square gildum gaf sömu niðurstöðu. Var því ákveðið að nota þessar tvær dreifingar:

a) Log-normal dreifing með tveimur breytum hefur líkindafallið:

$$p(x) = \frac{1}{x\sigma_y\sqrt{2\pi}} e^{-\frac{(\ln x - \mu_y)^2}{2\sigma_y^2}}$$

þar sem

$$\mu_y = \text{meðaltal af } \ln(x), \sigma_y = \text{staðalfrávik af } \ln(x)$$

b) Pearson III dreifing hefur verið notuð í vatnafræði frá 1924. Hún var upphaflega þróuð sem aðferð til að finna bestu línu gegnum safn punkta. Ef logaritminn af  $x$  fylgir Pearson III dreifingu, þá fylgir  $x$  log-Pearson III dreifingu. Þessi dreifing er staðall fyrir tíðnigreiningu flóða í Bandaríkjunum. Log-Pearson er 3ja-breytu dreifing og eru breytur fall af skakka (skew) flóðaraðarinnar. Sé skakkinn 0 þá fær log-Pearson III sömu lögun og log-normal dreifing. Log-Pearson III hefur líkindafallið:


$$p(x) = \frac{1}{\alpha x \Gamma(\beta)} \left\{ \frac{\ln x - \gamma}{\alpha} \right\}^{\beta-1} e^{-\left\{ \frac{\ln x - \gamma}{\alpha} \right\}}$$

þar sem


$$\alpha, \beta, \gamma \text{ eru skala-, lögunar-, og staðsetningar breytur}$$

og

$$\Gamma(\beta) = \text{gamma fall.}$$



Mynd 1. Normal tölndreifing.



Mynd 2. Log-normal tölndreifing.

Nokkrar aðferðir eru til fyrir athugun á fylgnidreifinga við mæld gildi. Algengastar þeirra eru Chi-square próf og Kolgomorov-Smirnov próf. Hér var tveimur aðferðum beitt, auk sjónræns mats: Chi-square prófi og staðalfráviks reikningum, þar sem athuguð er summan af kvaðratrót mismunar mældra og reiknaðra gilda.

a) Chi-square  $\chi^2 = \sum_{j=1}^k \frac{(O_j - E_j)^2}{E_j}$  með  $k-1$  df (fjöldi frjálsra breyta, (degrees of freedom))

þar sem

$O_j$  eru mæld gildi,  $E_j$  eru reiknuð gildi,  $n$  er safnstærðin,  $k$  er fjöldi flokka (class intervals)

og flokkamörk (class limits) eru skilgreind sem:

$$CL_{\lognormal} = \exp(\bar{x}_n + tS_n)$$

$\bar{x}_n$  og  $S_n$  eru meðaltal og staðalfrávik lógaritmagilda,  $t$  er normal staðalfrávik við líkindi  $P$

$$CL_{\logPearson} = \exp\left(\bar{x}_n + \left[\frac{\chi^2 \gamma_n}{4} - \frac{2}{\gamma_n}\right] S_n\right)$$

$\chi^2$  er chi-square gildi við líkindi  $P$  og  $\frac{8}{\gamma_n^2}$  fjölda frjálsra breyta,  $\gamma_n$  er skakki

b) Staðalfrávik  $SE_j = \left[ \frac{\sum_{i=1}^n (x_i - y_i)^2}{n - m_j} \right]^{1/2}$

þar sem

$x_i, i=1, \dots, n$  eru mæld gildi,  $y_i, i=1, \dots, n$  eru reiknuð gildi út frá líkindadreifingu  $j$ ,

og  $m_j$  er fjöldi breyta áætlaður fyrir líkindadreifingu  $j$

### 3. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður tíðnigreininga og flóðaspár fyrir þau þrettán vatnsföll, sem hér er fjallað um, er að finna í viðauka A. Tvær síður er tileinkaðar hverju vatnsfalli þar sem sýnd eru línurit fyrir reiknuð og mæld hæstu flóð, skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári, og stöplarit þar sem sýnd er tímaröð flóða ásamt reiknuðum flóðum með endurkomutíma 2ja, 5, 10, 25, 50, 100, og 200 ára. Í stuttri umfjöllun um hvern vatnshæðarmæli er rakin saga mælisins ásamt umsögn um nákvæmni hans og nákvæmni flóðamælinga. Tegund vatnsfalls og eðli flóða ásamt gerð rennslislykils er skýrt í kafla um vatnsföll.

Séu tímaraðir flóða bornar saman þá kemur glögglega í ljós að flóð lindáa, og þá sérstaklega á Suðurlandi, hafa verið yfir meðallagi á áratugnum 1960-1970, og ber þar hæst stórfloðin í endaðan febrúar 1968. Þessi áratugur var kaldur og kunna því oftast að hafa myndast skilyrði sem valda því að flóð í lindám verða stór, en það er freðin og vatnsheld jörð. Á sama tímabili má benda á Jökulsá á Fjöllum, en þar sker sami áratugur sig úr sökum áberandi líftilla flóða og er skýringin sú að jökulleysing var lítil vegna kulda. Rétt er einnig að benda á flóðaröð Svartár í Skagafirði en þar má greinilega sjá hvar kvarðatímabili lauk og síriti tók við. Sú röð er ekki

einsleit og þyrfti að leggja frekari vinnu í greiningu á henni. Loks má nefna Skaftá sem sýnir fremur afbrigðilega flóðahegðan en skýringin er sú að einsleitni hennar spillist við það að hæstu flóð hennar eru oftast hlaup, eins og alþekkt er.

Niðurstöður reikninganna hafa ekki verið skoðaðar nákvæmlega með tilliti til þess hve stærðir flóða nálægra vatnsfalla stemma saman, en með úrvinnslu á fleiri vatnsföllum mun það gert. Ekki hefur heldur verið gerð greining á eðli og tegund hvers árlegs flóðs.

Í komandi flóðaskýrslum verður fjölgað til muna vatnshæðarmælum sem reiknuð verða flóð fyrir. Lögð verður áhersla á svæðagreiningu og þá sérstaklega lítil vatnasvið sem tengjast dýrum mannvirkjum s.s. brúm og vegum.

#### **4. HEIMILDIR**

Chow, V.T., Maidment, D.R. og Mays, L.W. 1988: Applied Hydrology. McGraw-Hill, New York.

Cunnane, C. 1989: Statistical Distributions for Flood Frequency Analysis. World Meteorological Organization, operational hydrology report No. 33, Geneva.

Dahmen, E.R. og Hall, M.J. 1990: Screening of Hydrological Data. ILRI Publication, Wageningen, The Netherlands.

Haan, C.T. 1977: Statistical Methods in Hydrology. The Iowa State University Press, Ames, Iowa.

Kite, G.W., 1988: Frequency and Risk Analyses in Hydrology. Water Resources Publications, Littleton, Colorado.

Sigurjón Rist, 1990: Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.


Sigurjón Rist, 1982: Flóð og flóðahætta. Sérprentun úr "Eldur er í norðri": 369-385. Sögufélag, Reykjavík.

Sigurjón Rist og Loftur Þorsteinsson, 1981: Flóð íslenskra vatnsfalla. Orkustofnun, greinargerð SR-81/05.



**VIÐAUKI A: Niðurstöður tíðnigreininga og flóðaspár**

Mælistaður  
Gauging station  
Heyvað

Vatnsfall  
River  
Elliðaár



Reiknuð og mæld hæstu flóð áráanna 1927-1984  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 001

Vatnshæðarmælingar í Elliðaám hófust 1. september 1928. Lesið var af kvarða við Árbæjarstíflu og daglegt vatn reiknað út eftir vatnsnotkun í rafstöð auk framhjárennslis við Árbæjarstíflu. Árið 1970 var settur upp síriti við Heyvað og var hann í notkun til ársins 1987 en þá var hann tekin úr notkun vegna ýmissa erfiðleika og þrýstiskynjara ásamt skráningartæki frá Hugrónu hf. komið fyrir. Nákvæmni mælinga var sæmleg eða góð á tímabili kvarða, en þó má búast við að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu, og varð ágæt eftir að síritandi mælingar hófust. Ístruflanir eru skammvinnar. Hæsti aflestur á kvarðann var 296 sm þ. 05/02/1982 og hefur vatnsstaðan ekki orðið hærri með ístruflunum.

## Flóð Elliðaáa

Elliðaár eru lindár. Stærstu flóð þeirra eru regn- og leysingaflóð og er flóðið í febrúar 1982 það stærsta þeirrar tegundar. Flóðið í febrúar 1968 var sambland af regn- og leysingaflóði auk svokallaðs mannvirkni-flóðs, sem eru flóð tengd mannvirkjum og bilunum á þeim, en þá brast jarðstífla neðan Elliðavatns þegar regn- og leysingaflóð var í hámarki. Lykill er grundvallaður fyrir flóðagildi á rennsli yfir mannvirki við Árbæ og á yfirfalli við Elliðavatn.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
**L+S**

Meðalrennsli m<sup>3</sup>/sek  
*Mean discharge*  
**5.0**

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
**Log Pearson**

Vatnasvið km<sup>2</sup>  
*Drainage area*  
**270.0**


Mesta mælt rennsli m<sup>3</sup>/sek  
*Highest measured discharge*  
**212, 05/02/1982**

Fylgni  
*Goodness of fit*  
**Chi-square  $\chi^2 = 3.31$**   
**Standard error = 8.47**

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
**Elliðaár**

Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
**58**


## Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980 *Long term smoothed daily averages and a typical year*







Mælistaður  
Gauging station  
Reykjafoss

Vatnsfall  
River  
Svartá



Reiknuð og mæld hæstu flóð árána 1933-1992  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 010

Vatnshæðarmælingar í Svartá í Skagafirði hófust 1. september 1932 og eru mælingarnar lengsta samfellda rennislífröð í gagnasafni Vatnamælinga. Fram til ársins 1962 var vatnshæð lesin tvisvar í viku á kvarða, en þann 22. september það ár var síriti settur upp við Reykjafoss og hefur hann verið í notkun síðan. Á kvarðatímabili mælisins var reynt að ná aukaaflestrum við snöggar rennislisbreytingar. Líklegt er að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu. Nákvæmni mælinga var slæm á tímabili kvarða og var síðan ágæt til ársins 1971, en það ár var vatni hleypt á laxastiga ofan við vatnshæðarmælinn og nákvæmni því aðeins góð síðan. Ístruflanir hafa litlar verið. Hæsti aflestur á kvarðann var 254 sm þann 11/12/1967 og hefur vatnsstaðan ekki orðið hærri með ístruflunum.

## Flóð Svartár í Skagafirði

Í Svartá í Skagafirði er blandað lindár- og dragárvatn. Flóð í Svartá eru tíðust að vori til en nokkur stærstu flóð hennar eru leysingaflóð að vetri til. Hæsta lykilmæling við Reykjafoss var gerð 04/05/1971 og var  $49.4 \text{ m}^3/\text{s}$ , við vatnshæð 188 sm.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
**L+D**

Meðalrennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Mean discharge*  
**10.1**

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
**Lognormal**

Vatnasvið  $\text{km}^2$   
*Drainage area*  
**390.0**


Mesta mælt rennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Highest measured discharge*  
**116, 11/12/1967**

Fylgni  
*Goodness of fit*  
**Chi-square  $\chi^2 = 10.23$**   
**Standard error = 4.95**

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
**Héraðsvötn**


Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
**57**

Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980  
*Long term smoothed daily averages and a typical year*





Mælistaður  
Gauging station  
Ferjubakki

Vatnsfall  
River  
Jökulsá á Fjöllum



Reiknuð og mæld hæstu flóð áranna 1940-1992  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 020

Vatnshæðarmælingar í Jökulsá á Fjöllum við Ferjubakka hófust þann ?? 1922, en mælingar eru ekki taldar áreiðanlegar fyrr en 1. september 1939. Fram til ársins 1955 var vatnshæð lesin tvisvar í viku á kvarða, en þann 10. október það ár var sírti settur upp og hefur hann verið í notkun síðan. Á kvarðatímabili mælisins var reynt að ná aukaaflestrum við snöggar rennslisbreytingar. Líklegt er að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu. Nákvæmni mælinga var sæmileg á tímabili kvarða og hefur verið ágæt á tímabili sírita. Ístruflanir hafa nær engar verið. Hæsti aflestur á kvarðann, án ístruflana, var 387 sm þann 20/06/1949 og hefur vatnsstaðan ekki orðið hærri með ístruflunum.

## Flóð Jökulsár á Fjöllum

Jökull hylur um 26% af vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Flóð hennar bera því sterkan keim af því og flokkast sem leysingaflóð. Hlaup koma í Kverká og í Kreppu. Einnig eru dæmi um lítil hlaup í Jökulsá. Í annálum er getið stórra hlaupa í Jökulsá, aðallega samfara eldgosum, en erfitt hefur reynt að meta stærðir þeirra. Hæsta lykilmæling við Ferjubakka, 358 m<sup>3</sup>/s, var gerð 03/06/1989 við vatnshæð 217.5 sm.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
**J+L+D**

Meðalrennslí m<sup>3</sup>/sek  
*Mean discharge*  
**188.0**

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
**Log Pearson**

Vatnasvið km<sup>2</sup>  
*Drainage area*  
**7180.0**

Mesta mælt rennslí m<sup>3</sup>/sek  
*Highest measured discharge*  
**1550, 20/06/1949**


Fylgni  
*Goodness of fit*  
**Chi-square  $\chi^2 = 3.66$**   
**Standard error = 30.11**

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
**Jökulsá á Fjöllum**

Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
**53**


## Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980

*Long term smoothed daily averages and a typical year*





Mælistaður  
*Gauging station*  
Skógafoss

Vatnsfall  
*River*  
Skógá



Reiknuð og mæld hæstu flóð árána 1948-1991  
*Calculated and measured maximum floods*



# Vatnshæðarmælir 027

Vatnshæðarmælingar í Skógá undir Eyjafjöllum hófust 1. september 1948. Fram til ársins 1963 var vatnshæð lesin tvisvar í viku á kvarða, en þann 16. nóvember það ár var síriti settur upp við Skógafoss og hefur hann verið í notkun síðan. Á kvarðatímabili mælisins var reynt að ná aukaaflestrum við snöggar rennslisbreytingar. Líklegt er að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu. Nákvæmni mælinga var sámi- leg á tímabili kvarða og hefur verið góð síðan. Ástæðan fyrir því að nákvæmni mælinga er ekki betri er sú að ráðandi þversnið er ótraust og hefur verið allt frá byrjun. Ístruflanir hafa litlar verið. Hæsti aflestur á kvarðann, án ístruflana, var 260 sm þann 18/11/1966 og hefur vatnsstaðan ekki orðið hærrí með ístruflun- um.

## Flóð Skógár

Skógá er bergvatnsá og er blönduð lindár- og dragárvatni. Stærstu flóð hennar eru að jafnaði regn- og leys- ingaflóð að hausti til. Hæsta lykilmæling við Skógafoss er 27 m<sup>3</sup>/s, við vatnshæð 180 sm þ. 15/04/1962.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
L+D

Meðalrennslí m<sup>3</sup>/sek  
*Mean discharge*  
5.9

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
Lognormal

Vatnasvið km<sup>2</sup>  
*Drainage area*  
37.2

Mesta mælt rennslí m<sup>3</sup>/sek  
*Highest measured discharge*  
105, 18/11/1966


Fylgni  
*Goodness of fit*  
Chi-square  $\chi^2 = 0.54$   
Standard error = 2.49

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
Skógá

Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
43


## Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980

*Long term smoothed daily averages and a typical year*





Mælistaður  
Gauging station  
Dynjandi

Vatnsfall  
River  
Brúará



Reiknuð og mæld hæstu flóð árána 1949-1992  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 043

Vatnshæðarmælingar í Brúará í Biskupstungum hófust 1. september 1948. Fram til ársins 1961 var vatnshæð lesin tvisvar í viku á kvarða, en þann 29. september það ár var síriti settur upp ofan við fossinn Dynjanda á stað þar sem áður var aukakvarði vegna ístruflana við kvarða, og hefur hann verið í notkun síðan. Á kvarðatímabili mælisins var reynt að ná aukaaflestum við snöggar rennslisbreytingar. Líklegt er að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu. Nákvæmni mælinga var góð á tímabili kvarða og hefur verið ágæt síðan. Ístruflanir voru allnokkrar á tímabili kvarða en hafa verið minni síðan. Hæsti álestur var 346 sm þann 1. flóðunum 28. febrúar 1968 og er sú tala áætluð. Hefur vatnsstaðan ekki orðið hærri með ístruflunum.

## Flóð Brúarár

Brúará er lindá og auk þess rennur hún að hluta til úr stöðuvötnum. Rennsli hennar er því jafnt og sveifur litlar. Við réttar aðstæður getur rennsli hennar þó margfaldast eins og flóðið þann 28. febrúar 1968 sýnir, en þá gerði mikla leysingu ásamt rigningu á Suðurlandi. Hæsta rennslismæling á lykli er  $156 \text{ m}^3/\text{s}$  við vatnshæð 204 sm þ. 03/05/1990. Mesta rennsli sem mælt hefur verið í Brúará var  $534 \text{ m}^3/\text{s}$  þ. 28/02/1968. Mældur var yfirborðshraði og stuðlinum 0.85 beitt til þess að finna meðalhraðann í sniðinu.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
L+S

Meðalrennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Mean discharge*  
66.2

Líkindadrei fing notuð  
*Probability distribution used*  
Log Pearson

Vatnasvið  $\text{km}^2$   
*Drainage area*  
670.0


Mesta mælt rennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Highest measured discharge*  
540, 28/02/1968

Fylgni  
*Goodness of fit*  
Chi-square  $\chi^2 = 2.45$   
Standard error = 30.07

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
Ölfusá

Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
44


Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980  
*Long term smoothed daily averages and a typical year*







Mælistaður  
*Gauging station*  
Forsæludalur

Vatnsfall  
*River*  
Vatnsdalsá



Reiknuð og mæld hæstu flóð árána 1949-1992  
*Calculated and measured maximum floods*



# Vatnshæðarmælir 045

Vatnshæðarmælingar í Vatnsdalsá í Húnaþingi hófust 1. september 1948. Fram til ársins 1954 var vatnshæð lesin tvisvar í viku á kvarða, en þann 14. júní það ár var síriti settur upp við Nónhyl og var hann í notkun til 15/10/88 en þá var loftbólusfríta var komið fyrir á sama stað. Venjulega hefur Vatnsdalsá verið rennslismæld með hefðbundinni vaðmælingu en einnig hefur hún verið mæld á báti. Á kvarðatímabili mælisins var reynt að ná aukaaflestrum við snöggar rennslisbreytingar. Líklegt er að einhverjir flóðtoppar hafi farið framhjá mælingu. Nákvæmni mælinga var sæmileg á tímabili kvarða og hefur verið góð á tímabili sírita. Ístruflanir hafa verið allnokkrar.

## Flóð Vatnsdalsár

Vatnsdalsá er að meginstofni dragá en er einnig blönduð lindarvatni úr stöðuvötnum á Grímsstungu- og Haukagilsheiði. Flóð Vatnsdalsár eru dæmigerð leysingaflóð að vori. Hæsta lykilmæling var gerð þann 03/06/1989 og reyndist vera  $58.2 \text{ m}^3/\text{s}$ , við vatnshæð 260.4 sm. Hæsta skráð flóð er  $555 \text{ m}^3/\text{s}$  í maí 1953. Þar hefur flætt yfir kvarða og vatnshæð því líklegast fengin af mældu flóðfari.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
D+L+S

Meðalrennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Mean discharge*  
10.0

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
Log Pearson

Vatnasvið  $\text{km}^2$   
*Drainage area*  
418.0


Mesta mælt rennsli  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Highest measured discharge*  
555, 06/05/1953

Fylgni  
*Goodness of fit*  
Chi-square  $\chi^2 = 8.82$   
Standard error= 30.07

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
Vatnsdalsá


Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
43

Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980  
*Long term smoothed daily averages and a typical year*





Mælistaður  
Gauging station  
Árbæjarfoss

Vatnsfall  
River  
Ytri-Rangá



Reiknuð og mæld hæstu flóð árána 1960-1992  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 059

Vatnshæðarmælingar í Ytri-Rangá við Árbæjarfoss hófust 1. ágúst 1950. Lesið var af kvarða og stóðu þær mælingar, með hléum, fram til ársins 1961 en þ. 11. september var settur upp síríti sem hefur verið í notkun síðan. Rennslismælt er á báti. Nákvæmni mælinga hefur verið góð og ístruflanir hafa nær engar verið. Hæsti aflestur á kvarðann, án ístruflana, var 304 sm þann 27/02/1968 og hefur vatnsstaðan ekki orðið hærri með ístruflunum.

## Flóð Ytri Rangár

Ytri Rangá er lindá. Sökum þess eru stærstu flóð hennar að jafnaði regn- og leysingaflóð að vetri til. Hæsta rennslismæling á lykli er  $150 \text{ m}^3/\text{s}$  við vatnshæð 168.5 sm, þ. 05/06/1964.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
L

Meðalrennslí  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Mean discharge*  
50.3

Líkindadreifing notuð  
*Probability distribution used*  
LogPearson

Vatnasvið  $\text{km}^2$   
*Drainage area*  
890.0


Mesta mælt rennslí  $\text{m}^3/\text{sek}$   
*Highest measured discharge*  
364, 27/02/1968

Fylgni  
*Goodness of fit*  
Chi-square  $\chi^2 = 5.82$   
Standard error = 10.42

Tilheyrir aðalvatnsfalli  
*Belongs to main river basin*  
Hólsá


Lengd raðar, ár  
*Length of series*  
33

Skarvegin langtíma meðaldagsgildi ásamt dæmigerðu ári 1980  
*Long term smoothed daily averages and a typical year*





Mælistaður  
Gauging station  
Selfoss

Vatnsfall  
River  
Ölfusá



Reiknuð og mæld hæstu flóð áráanna 1951-1991  
Calculated and measured maximum floods



# Vatnshæðarmælir 064

Vatnshæðarmælingar í Ölfusá við Selfoss hófust 6. október 1950 með kvarðaálesturum daglega. Frá 27. júní 1951 hefur verið sýritandi vatnshæðarmælir og er hann sá fyrsti í íslenskum vatnsföllum. Rennslismælt er af báti. Nákvæmni mælinga hefur verið ágæt og ístruflanir hafa nær engar verið. Hæsti álestur á kvarðann var áætlaður 574 sm, væntanlega að teknu tilliti til ístruflana, þann 29/02/1968. Þessi vatnshæð er metin eftir flóðföllum því sýritann tók af í flóðinu.

## Flóð Ölfusár

Ölfusá er að stærstum hluta lindá og telur þar Sogið mest, eða tæp 30%. Hún sækir auk þess vatn til tveggja jökla og dragáa á borð við Stóru-Laxá. Stærstu flóð Ölfusár eru regn- og leysingaflóð að vetri til og eru til góðar heimildir um tvö slík á síðustu áratugum fyrir það að mælingar hófust. Hið fyrra var í mars 1942 og hið síðara í mars 1948 og var vatnshæð þá örlítið hærri en 1968, en í hvorugt skiptið var rennslíð truflað af ísagangi. Hæsta rennslismæling á lykli er  $754 \text{ m}^3/\text{s}$  við vatnshæð 272 sm, þann 13/06/1986.

Tegund vatnsfalls  
*Type of river*  
L+D+J+S

